

Viðauki 1 með stofnana samningi

5. Grunnröðun í launaflokka

Almennt er grunnraðað í þann launaflokk sem lægstur er í spönn þeirra launaflokka sem tilheyra viðeigandi starfaflokki. Sérfræðingur 1 grunnraðast þannig alla jafna í launaflokk 9 (8.1 hjá FÍH, 7.1 hjá LMFÍ og 14.1 hjá LFÍ), sérfræðingur 2 grunnraðast í launaflokk 10 (9.1 hjá FÍH, 8.1 hjá LMFÍ og 16.1 hjá LFÍ), sérfræðingur 3 í launaflokk 13 (12.1 hjá FÍH, 11.1 hjá LMFÍ og 21.1 LFÍ) og sérfræðingur 4 í launaflokk 15 (14.1 hjá FÍH, 13.1 hjá LMFÍ og 24.1 hjá LFÍ).

Til þess að grunnraðast ofar þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Grunnröðun hækkar um 1 launaflokk^{*)}: Ef starfsmaður ber aukna ábyrgð, einkum með því að hafa umsjón með mörgum verkefnum, sinnir verkefnum á breiðu sviði sem eykur á flækjustig og veldur auknu álagi.

Grunnröðun hækkar um 2 launaflokka^{*)}: Ef starfsmaður hefur umsjón með fjölda verkefna, sinnir verkefnum á breiðu sviði, sinnir flóknum verkefnum og er þess vegna undir mjög auknu álagi. Starfsmaður nálgast það að tilheyra sérfræðingi í næsta starfaflokki fyrir ofan en hefur ekki eða alla jafna ekki jafn ríkt samhæfingar- og umsjónarhlutverk með vinnu annarra starfsmanna og fjárhagslega ábyrgð.

^{*)} eða samsvarandi í tilviki lyfjafræðinga

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

BHM

| Launaflokkur | Starfaflokkur |
|--------------|----------------|
| 9-10 | Sérfræðingur 1 |
| 10-12 | Sérfræðingur 2 |
| 13-15 | Sérfræðingur 3 |
| 15-17 | Sérfræðingur 4 |

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH)

| Launaflokkur | Starfaflokkur |
|--------------|----------------|
| 8.1-9.1 | Sérfræðingur 1 |
| 9.1-11.1 | Sérfræðingur 2 |
| 12.1-14.1 | Sérfræðingur 3 |
| 14.1-16.1 | Sérfræðingur 4 |

Ljósmaðrafélag Íslands (LMFÍ)

| Launaflokkur | Starfaflokkur |
|--------------|----------------|
| 7.1-8.1 | Sérfræðingur 1 |
| 8.1-10.1 | Sérfræðingur 2 |
| 11.1-13.1 | Sérfræðingur 3 |
| 13.1-15.1 | Sérfræðingur 4 |

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ)

| Launaflokkur | Starfaflokkur |
|--------------|----------------|
| 14.1-16.1 | Sérfræðingur 1 |
| 16.1-19.1 | Sérfræðingur 2 |
| 21.1-24.1 | Sérfræðingur 3 |
| 24.1-27.1 | Sérfræðingur 4 |

KB
JG
OK
DK